Fundargerð frá fundi með Umhverfisstofnun um staðsetningu á ylströnd á Kársnesi

Teamsfundur 21.1.2022 kl 11-12

Þátttakendur : Axel Benediktsson, René Biasone, Umhverfisstofnun. Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir Umhverfissvið Kópavogs.

Farið er í gegnum tilgang fundar og fyrirspurn frá bæjarfulltrúa Kópavogs dags 14.09.2021. Bæjarfulltrúi hefur óskað eftir tillögum Umhverfissviðs að mögulegum staðsetningu ylstrandar við Kársnes og að kallað verði eftir sjónarmiðum Umhverfisstofnun um áhrif ylstrandar á verndað svæði á suðurhluta Kársness.

Umhverfisstofnun bendir á að sjóbaðsaðstaða fyrir utan friðlýst svæði megi ekki rýra verndagildi friðlýstu svæðana. Mikilvægt að meta heildarárhrif framkvæmdar.

Rætt er um mögulegar staðsetningar fyrir ylströnd eða einfaldari sjóbaðsaðstöðu á Kársnesi. Fjórar staðsetningar ræddar sem eru fyrir utan friðlýst svæði.

Það að útbúa ylströnd eru mikil inngrip í strandlengju á Kársnesi sem er að mestu friðlýst. Ylströnd sem yrði útbúin með landmótun og upphituðu lóni við strandlengju Kársnes getur haft mikil umhverfisleg áhrif á botnalíf og líffræðilegan fjölbreytileika við strandlengju.

Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. Aukin bátaumferð getur haft áhrif á fuglalíf og aðrar náttúruminjar.

Mikilvægt að fá álit frá Náttúrufræðistofnun og Umhverfis-og samgöngunefnd Kópavogs við mögulegum staðsetningu og áhrifum ylstrandar á Kársnesi

Að lokum er rætt um deiliskipulag fyrir reit 13 og mögulegar útfærslur, fyrirhugaða Borgarlínu og áhfrif á friðlýst svæði á Borgum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026